

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Blönduósbæ.

#### 1. gr.

Blönduósbær innheimtir gjald fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari, sbr. III. kafla samþykktar um fráveitur og rotþrær í Blönduósbæ.

#### 2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins er samkvæmt sérstakri gjaldskrá um tengigjöld veitna Blönduósbæjar.

#### 3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,25% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

#### 4. gr.

Árlegt rotþróargjald skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-2.000 lítra	kr. 10.150 pr. þró
Rotþró 2.001-4.000 lítra	kr. 12.900 pr. þró
Rotþró 4.001-6.000 lítra	kr. 13.900 pr. þró
Rotþró 6.001 lítra og stærri	kr. 17.500 pr. þró

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé 50 metrar eða styttri. Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða sérstaklega skv. reikningi.

#### 5. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald kr. 10.200 fyrir hverja losun.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísan til 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og á grunni samþykktar um fráveitur og rotþrær í Blönduósbæ og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1286/2017. Gjaldskráin var samin og samþykkt í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra og staðfest á fundi sveitarstjórnar Blönduósbæjar.

*Blönduósi, 19. desember 2018.*

**Valdimar O. Hermannsson** sveitarstjóri.